



<b>Dagsetning:</b>	<b>28. nóvember 2011 Kl. 20:00</b>
<b>Fundarstaður</b>	Golfskáli GKG, v/ Vífilstaðaveg, Garðabæ.
<b>Fundarstjóri</b>	Ari Bergmann Einarsson
<b>Stjórnarmenn:</b>	Guðmundur Oddsson, Jón Snorri Snorrason, Kristinn Jörundsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Símon Kristjánsson, Áslaug Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson, Gunnar Páll Þórisson, Heimir Guðjónsson og Jónína Pálsdóttir. Áslaug Sigurðardóttir var fjarverandi
<b>Fundarritari:</b>	Símon Kristjánsson

### 1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Að því búnu stakk hann upp á Ara Bermann Einarssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Fundarritari aðalfundar var síðan skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði því næst lögmeiti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað.
- Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að taka umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sameiginlega undir 3. lið.

### 2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Guðmundur Oddsson formaður byrjaði á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn, en um 85 félagar sátu aðalfundinn að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
  - Haldnir voru 11 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu.
  - Formaður stiklaði á stóru og taldi að árið 2011 væri gott ár fyrir GKG rekstrarlega og golflega. Þakkaði öllum sem komu að ársskýrslunni. Á árinu tókst að greiða upp allar langtímaskuldir GKG. Áherslur stjórnar hafa verið að bæta og laga vellina. Þeir verða aldrei fullkláraðir en við getum sagt að vellirnir séu með bestu golfvöllum landsins. Nú er komið að næsta verkefni sem er að byggja nýja félagsaðstöðu GKG. Formaður velti upp eftirfarandi spurningu Hvað er GKG.
  - Fyrirtæki. GKG er fyrirtæki sem veltir rúmum 180 milljónum á þessu ári og sér um rekstur á golfvöllum félagsins, Mýrinni og Leirdalnum og síðan rekum við inni aðstöðu fyrir félagar okkar í Kórnum í Kópavogi.
  - Vinnustaður. GKG er vinnustaður fjölmargra starfsmanna. Við erum með 8 fasta starfsmenn allt árið, 2 á skrifstofu, 3 í vélamiðstöð, og 3 kennara. Á mesta annatímanum í sumar voru starfsmenn GKG um 60. Langflestir unnu við hirðingu og slátt á völlum og síðan voru 13 leiðbeinendur á námskeiðum fyrir krakka og unglina. Þess má geta að vellirnir eru rúmlega 60 ha og við verðum að slá sumt daglega yfir sumarið.
  - Íþróttafélag. GKG er íþróttafélag sem hefur náð mjög góðum árangri í hinum ýmsu flokkum og hefur eignast 28 Íslandsmeistara í gegnum tíðina. Nú eru 1870 félagar á öllum aldri í GKG.
  - Uppeldisstofnun. GKG er uppeldisstofnun að því leyti að við tökum við börnum frá 6 ára aldri og í ár eru 10 ára og yngri yfir 100. Auk þess erum við með sumarnámskeið fyrir krakka og s.l. sumar voru um 500 krakkar á námskeiðum hjá GKG.
  - Forvarnarstofnun. GKG er eins konar forvarnarstofnun að því leyti að til okkar koma bæði börn og eldri borgarar.
  - Gróðrastöð. GKG er að því leyti gróðrastöð að við erum á fullu í margs konar ræktunarstarfsemi. Fyrir utan að rækta besta fánlegt gras á flötum

vallanna, þá er mikil áhersla lögð á trjárækt. Við höfum átt mjög góð samskipti við skógræktarfélagin bæði í Kópavogi og í Garðabæ og fengið hjá þeim mikið af trjám.

- Formaður rakti einnig samskiptin við sveitarfélögin sem hafa verið góð. Sigurður Ingason verður áfram með veitingarnar og verið er að bæta aðstöðu starfsmanna sem vinna á vellinu með nýrri kaffistofu við vélamiðstöðina. Formaður rakti einnig að keppnissveitir GKG hafi staðið sig vel á árinu.
- Því næst þakkaði formaður meðstjórnarmönnum, öllum nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hann þakkaði sérstaklega öllu starfsfólki, framkvæmdastjóra, vallarstjóra og kennurum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

### 3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Kristinn Jörundsson gjaldkeri fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2010 – 2011 og útskýrði þá. Langtímaskuldir hafa verið greiddar upp. Hagnaður klúbbsins var kr. 27.141.146 og stór hluti af því var leiðrétting fjármögnunarlána kr. 16.124.055.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust
  - Guðmundur Ólafsson óskaði stjórn GKG til hamingju með árangurinn og að sveitarafélög standi við sitt og fjármál eru góð. Benti á að það vantaði trjáræktarnefndina í skýrsluna. Benti Kjartani Bjarnasyni dómara á að hafa staðarreglur aðgengilegar á öllum tímum ekki eingöngu þegar mót eru haldin.
  - Formaður svaraði Guðmundi og baðst afsökunar og lofaði að trjáræktarnefndin sem er undirnefnd vallarnefndar verði í ársskýrslunni hér eftir
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Gjaldkeri kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og tók fram að áætlun væri mjög hófleg. Í henni er gert ráð fyrir að heildartekjur næsta starfsárs verði svipaðar og árið 2010. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði kr. 78.000 fyrir fullborgandi kr. 50.000 fyrir 67 ára og eldri og óbreytt hjá öðrum. Inntökugjald verði 25% af fullu gjaldi eða kr. 19.500 á næsta ári. Gert er ráð fyrir launahækkun á árinu.
- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu.
- Félagsgjöldin og inntökugjaldið var borið undir fundinn og samþykkt samhljóða

### 5. Lagabreytingar og aðrar tillögur skv. 8.gr. teknar til afgreiðslu

- Gunnar Jónsson kynnti tillögur stjórnar á lagabreytingum
- Breytingar á 4. grein var lögð fram og samþykkt
  - 4. grein

Stjórn GKG ákveður árgjald og inntökugjald komandi starfsárs. Ákvörðunin skal lögð fyrir aðalfund til staðfestingar. Þá ákveður stjórn gjalddaga árgjalds. Þeir sem ekki hafa greitt árgjald fyrir 1. apríl hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar og er stjórn heimilt að fella þá af félagaskrá GKG. Nýir félagsmenn skulu greiða félags- og inntökugjöld við inngöngu, sé hún eftir gjalddaga árgjalds. Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna.
- Breytingar á 7. grein var lögð fram
  - Nokkur umræða var um þessar breytingar og lögð fram breytingartillaga um að breyta texta þannig að í hverri nefnd skulu jafnan vera 2 – 5 menn í

stað 3 – 5 menn. Breytingartillagan var felld með þorra greiddra atkvæða samþykkir voru 5. Þeir sem tóku til máls voru Lorens Þorgeirsson, Guðmundur Ólafsson, Þorgrímur Björnsson, Bergþóra Sigmundsdóttir og Sverrir Hauksson.

- Breytingar á 7. grein var lögð fram og samþykkt

- 7. grein

Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir:

1. Íþróttanefnd, sem jafnframt skipi foreldraráð.
2. Aga- og forgjafarnefnd.
3. Fjáröflunarnefnd.
4. Hjónanefnd.
5. Kjörnefnd.
6. Kvennanefnd.
7. Kynningarnefnd.
8. Laganefnd.
9. Nýliðanefnd.
10. Skemmtinefnd.
11. Vallarnefnd.
12. Öldunganefnd.

Í hverri nefnd skulu jafnan vera 3-5 menn en heimilt að víkja frá því, telji stjórn rök standa til þess. Nefndir skulu starfa samkvæmt sérstakri starfslýsingu sem stjórnin setur.

## 6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Formaður kjörnefndar Steinar J. Lúðvíksson gerði grein fyrir því að hér áður hafi kjörnefnd verið fjölmenn og mikil vinna hjá nefndarmönnum. Í nefndinni auk hans er Einar Gunnar Guðmundsson. Nú eru flestir fyrrverandi kjörnefndarmenn komnir í stjórn GKG. Í dag er eftirsótt að vera í stjórn GKG. Kjörnefnd hefur verið ánægð með núverandi stjórn en telur gott að endurnýja í stjórninni innan ákveðinna marka. Kjörnefnd bar upp tillögu sína að formanni til næsta árs. Kjörnefnd kom með tillögu um Guðmund Oddsson sem formann og var tillagan samþykkt með lófaklappi.
- Því næst bar kjörnefnd fram tillögu sína að stjórnarmönnum til 2 ára. Þeir voru Áslaug Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson og Gunnar Páll Þórisson. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum framboðum úr sal sem reyndust ekki vera. Því næst var gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar og var hún samþykkt samhljóða.
- Kjörnefnd tilnefndi Einar Gunnar Guðmundsson, Jón K. Baldvinsson og Jónínu Pálsdóttur til að sitja sem varamenn í stjórn til eins árs. Var tillagan samþykkt samhljóða.
- Úr stjórn gengu Jón Snorri Snorrason og Heimir Guðjónsson

## 7. Kosning tveggja endurskoðenda.

- Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga til næsta fundar voru kosnir þeir Ólafur Nilsson og Steinar J. Lúðvíksson með lófaklappi.

## 8. Önnur mál.

- Nýkjörinn formaður Guðmundur Oddsson kvaddi sér hljóðs á ný og þakkaði fundarmönnum stuðninginn og traustið jafnframt því sem hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og þakkaði stjórnarmönnum góð störf og fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið.
- Fundarstjóri gaf orðið því næst laust undir liðnum önnur mál.
- Ólafur E. Ólafsson framkvæmdastjóri fór yfir gæða og þjónustukönnun sem gerð var meðal félagsmanna nú í haust. Úrtakið var 1.200 og svarhlutfall var 45,3% og skipting milli kynja, aldurs og forgjafar lýsti mjög vel samsetningu klúbbsins. Könnunin sýndi að félagsmenn leggja mesta áherslu á áframhaldandi snyrtimennsku, en þær

athugasemdir, sem komu fram snéru að nýju klúbbhúsi, æfingasvæðinu og margir óskuðu eftir að bílastæði yrði stækkað. Þar sem þessi könnun var nú gerð í fimmta sinn þá var hægt að bera saman mörg svör milli ára. Kom þar fram almenn ánægja með þau störf sem unnin voru á síðasta ári og sýndi greinilega að félagsmenn eru mun jákvæðari milli ára. Fram kom í könnun að 30% svarenda vilja hafa golfskála þar sem hann er núna og 70% vilja hafa golfskála við bæjarmörk Garðabæjar og Kópavogs.

- Sigurður Ásgeir Ólafsson gerði athugasemd við að ekki kom nógu skýrt fram að verið væri að ljúka könnun í lokin þar sem hann hefði viljað yfirfara könnunina aftur.
  - ÓEÓ svaraði að hafa þetta í huga á næsta ári.
- Fyrirspurn kom utan úr sal hvort ekki ætti að skilda að þeir sem eru undir 10 ára spili alltaf með forráðamanni.
  - ÓEÓ svaraði að það gæti verið erfitt en auka þarf eftirlit á vellinum.
- Formaður kynnti þrjár hugmyndir að framtíðarskipulagi fyrir golfskála en þær eru svar Garðabæjar við formlegri fyrirspurn frá nóvember 2010.
  - Tillaga A. Þar sem skáli er í dag og vera áfram með tvo velli 18 og 9 holur. Gera þarf breytinga á fyrstu braut vegna bílastæða.
  - Tillaga B. Skáli við hliðina á þriðju flöt vera með þrjá 9 holu velli. Ekki þarf að gera breytingar á vellinum vegna þessa.
  - Tillaga C. Skáli þar sem þrettánda brautin er í dag og vera með þrjá 9 holu velli. Gera þarf breytinga á vellinum þar sem þrettánda brautin fer undir skála og hugsanlega farið inn á þriðju flötina.
  - Nokkur umræða var um þessar tillögur.
  - Lögð var fram ályktun um að aðalfundur GKG teldi tillögu B henta best fyrir klúbbinn. Ályktun var samþykkt með einu mótatkvæði.
- Bergþóra Sigmundsdóttir vakti athygli á því að þing GSÍ hafi nú verið í Garðabæ. Ólafur, framkvæmdastjóri GKG, hélt erindi sem hét „Hvað vilja kylfingar? Erindi um viðhorfs og þjónustukannanir sem GKG hefur gert frá árinu 2007 „ og vakti það mikla athygli, sem og starfsemi GKG. Kvaðst Bergþóra hafa fundið fyrir mikilli ánægju með framlag framkvæmdastjórans og hafi hún verið stolt af klúbbsínum og framkvæmdastjóranum.
- Gunnar Johnsen spurðist fyrir um tryggingar
  - ÓEÓ svaraði að klúbburinn hefur kannað með tryggingar og eru þær ekki í boði. GKG ber ekki ábyrgð á tjóni sem kylfingar valda. Heimilistryggingar viðkomandi bæta tjón. Mikilvægt að félagsmenn GKG láti vita ef þeir valda tjóni við golfleik á vellinum.
- Guðmundur Oddsson formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins og honum því slitið klukkan 22:30